

Myndvefnaður Ásgerðar Búadóttur

Listasafn alþýðu sækir hægt og rólega í sig veðrið og er smátt og smátt að byggja upp markvissa starfsemi, þar sem kynning á ævistarfi einstakra listamanna skipar veglegt rúm. Hér dettur engum í hug að berja á bumbur, undiraldan er hæg, en verkin munu sýna hærin er upp er staðið og það skiptir mestu.

Um þessar mundir og fram að mánaðamótum kynnir safnið feril eins atkvæðamesta vefjarlistamanns sem þjóðin hefur eignast, Ásgerðar Esterar Búa-



Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Ásgerður Búadóttir

dóttur, og gerir það með glæsi-brag.

Á veggjum hanga 38 handofin teppi er spanna tímabilið 1957—1981, sem á sannverðugan hátt kynna þróun listakonunnar á því sviði, en litskyggnur sjá um að kynna heildarferil hennar, allt frá námsárunum í Handíða- og myndlistarskólanum 1942—'46. Hér fylgist skoðandinn með því, hvernig viðamikild undirstöðunám í grundvallaratriðum myndlistar þróast hægt, en markvisst, í átt til áttakamíkils myndvefnaðar, og það væri ákaflega ólífrænn maður sem ekki greindi samband hér á milli. Menn taki sérstaklega eftir, að það líður heill áratugur frá fyrsta námi og þar til Ásgerður fer að nefi, hér var ekkert ódagot á ferð né áratá til sýndarmennsku.

Það kemur greinilega fram á sýningunni hve markviss, róleg og þaulhugsuð vinnubrögð eru stór þáttur í allri myndgerð Ásgerðar Búadóttur, eiginlega veigurinn í öllum vinnubrögðum listakonunnar. Hún ræðst ekki á efnid af óbeislaðri frumorku, eins og svo margar heimsfrægar stallsystur hennar erlendar, eins og til að mynda hin pólska Magdalena Abakanowicz, heldur virðist hún beizla frumorkuna af stófskri ró og er sem slík stærðfræðingurinn meðal iðkenda vefjarlistarinnar. Það er vissulega hiti og funi í myndum Ásgerðar Búadóttur og það í ríku mæli, en innan marka kristalstærar rökhyggju.

Við sjáum þessa stað í myndum flatarmálsforma annars vegar, sem byggðar eru upp á ná-

kvæmri rökhyggju fyrir formi, efni og hrynjandi, og hins vegar í myndum þeim úr ull og hrosshári er eins og endurvarpa kenndir og hughrif listakonunnar til landsins, lífs og umhverfis. Slíkum myndum gefur hún gjarnan táknað skáldleg nöfn, svo sem „Hrævareldar“, „Vindblær“, „Ís og eldur“, „Skardatungl“, „Kröfluminni“, „Vonin“, „Bláin“, en allar eru þessar myndir unnar af miklum tilfinningahita og verklegri færni. Það er mat mitt, að í slíkum myndum risi list Ásgerðar Búadóttur hæst og að ekki hafi verið betur ofið á landi hér í þann tíma er verkin urðu til.

Þrátt fyrir að verk Ásgerðar verði að teljast óhlutlæg, er það greinilegt, að hún styðst við eitthvað upplifað úr umhverfi og náttúru í svo til hverri einustu mynd, og þannig lætur hún kalda rökhyggju aldrei ná tökum á sér. Áhorfandinn skynjar heitt hjarta og ríka skapgerð í þessum vinnubrögðum ásamt mikilli samsemd með náttúrunni.

Það, sem kann að vanta á þessa sýningu, t.d. eldri verk, bæta litskyggnurnar mikið upp, en þær bregða upp skilmerkilegri mynd af þróunarferli listakonunnar og sýna hve fjölbátt hún er. Fjölbátt er einmitt aðalsmerki þeirra, sem hafa góða skólun í malnum og ber gæfu til að virkja hana í réttan farveg.

Þessi sýning á verkum Ásgerðar Búadóttur markar umtalsverðan listasigur á ferli hennar og skipar henni til öndvegis í íslenskri listiðnaðarsögu og myndlistarsögu um leið.

Íranir lýsa sigri yfir skæruliðum

FORSETI íranska þingsins tilkynnti í fyrradag að ríkisstjórnin hefði brotið á bak aftur samtök vinstriisinnadra skæruliða, sem í fjóra mánuði hafa staðið fyrir herferð gegn stuðningsmönnum Khomeini-stjórnarinnar með banatilræðum og sprengjuárásam.

„Þeir hafa annaðhvort verið handteknir eða teknir af lífi“, sagði Ali Akbar Rafsanjani við bænastund í Teheran-háskóla. Hann sagði að „rúmlega 90% þeirra hefði verið tortímt“ og hinir „hefðu missið totfestuna“.

Hann nefndi ekki samtökin með nafni, en átti greinilega við „Mujahdeen Akhali“, sem ríkisstjórnin kennir um morð á rúmlega 200 stuðningsmönnum Khomeini síðan Bani-Sadr forseta var steynt af stóli 22. júní.

Um Bani-Sadr og Khalq-leiðtogann Massoud Rajavi sagði Rafsanjani: „Leiðtogar þeirra (skæruliða) eru erlendis og þeir sem eftir eru í landinu eru stefnulausir og brjálaðir.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Khomeini-stjórnin lýsir yfir sigri

í viðureigninni við skæruliðasamtök marxista. Yfirlýsingin er þeim mun mikilvægari vegna þess að hún er gefin á hvíldardegi múhammedstrúarmanna.

Hafna tilnefningu

Jafnframt hefur íranska þingið hafnað manninum sem hinn nýi forseti, Ali Khamenei, valdi í embætti forsætisráðherra, Ali Akbar Vilayati, sem er menntaður í Bandaríkjunum. Afstaða þingsins þykir vera bending frá þingmönnum um að forsetinn geti ekki haft öll völd.

Í ræðu sinni ítrekaði Rafsanjani hótunina um að flytja út írönsku byltinguna og nefndi sérstaklega Saudi-Arabíu. Hann sagði: „Við vitum hins vegar að peningar Saudi-Araba vinna alltaf gegn Islam.“ — AP.

FIAT VETRAR-SKODUN

Allt þetta færðu fyrir aðeins

kr. **668.—**

- | | |
|----------------------------------|-------------------------------------|
| 1. Vélarþvottur. | 12. Bremsur athugaðar. |
| 2. Skipt um kerti og platinur. | 14. Kælikerti þrýstiprófað. |
| 3. Skipt um loftsfú. | 15. Mældur frostlögur. |
| 4. Stílltur blöndungur. | 16. Mælt loft í hjólbörðum. |
| 5. Stíllt kveikja. | 17. Smurðar hurðalæsingar og lamir. |
| 6. Vél þjöppumæld. | 18. Athuguð öll ljós. |
| 7. Rafgeymasambönd athuguð. | 19. Aðalljós stíllt. |
| 8. Mældur rafgeymir. | 20. Rúðupurrkur athugaðar. |
| 9. Mæld hleðsla. | 21. Frostvari settur á rúðusprautu. |
| 10. Viðureim athuguð. | 22. Undirvagn skoðaður. |
| 11. Stíllt kúpling. | |
| 12. Athugaður vökví á höfuðdælu. | |



Pantið tíma hjá verkstjóra í síma **77756**

Einnig innifalið í þessu verði er loftsfú, platinur, kerti, rúðuvökví.

FIAT EINKAUMBOD Á ÍSLANDI
DAVÍÐ SIGURÐSSON hf.
SMIDJUVEGI 4, KÓPAVOGI. SÍMI 77200



Búnaðarbankinn á Selfossi

hefur flutt í nýtt húsnæði að
AUSTURVEGI 10

Öll innlend bankapjónusta
Geymsluhólf fyrir viðskiptamenn

Afgreiðslutími:
Mánudaga til föstudaga
kl. 9.15—12 og 13—16

Síðdegisafgreiðsla
Fimmtudaga kl. 17—18

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS
ÁRNESINGAÚTIBÚ

Hveragerði — Selfossi — Laugarvatni — Flúðum